



**Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík**

Reykjavík, 17. maí 2006.

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 87/2004 um oliugjald, kílómetragjald o.fl. (794. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp auk tveggja breytingatillagna sem gerir ráð fyrir að tímabundin lækkun oliugjald verði framlengd um eitt ár til viðbótar.

Frumvarpið

Viðskiptaráð fagnar öllum hugmyndum sem fela í sér skattalækkanir. Einkum er þarft að lækka og fella niður sértæka skatta sem ætlað er að stýra neyslu landsmanna. Slíkir skattar eru einnig illa til þess fallnir að ná markmiði skattkerfisins, þ.e. að afla ríkinu tekna. Viðskiptaráð sér hinsvegar enga ástæðu til þess að lækkunin verði tímabundin.

Breytingartillaga á þingskjali 1250

Tillagan felur það í sér að ákveðið sé með lögum í hvaða verkefni olíu- og kílómetragjöld renni. Viðskiptaráð telur almennt að slík ákvæði, sem má finna víða í lögum, séu almennt til ama enda er fjárveitingavaldið einnig í höndum löggjafans og er honum því í lófa lagið að ákveða hluti sem þessa í fjárlögum. Með fjárlögum fylgir enda á hverju ári mikil langloka, svonefndur bandormur, þar sem horfið er frá þessum ákvæðum. Það er hinsvegar góðra gjalda vert að notendur vega greiði fyrir kostnað við að viðhalda þeim og gera nýja. Viðskiptaráð hvetur tillöguflytjendur, þingmenn vinstri grænna, til að halda áfram á slíkri braut og leggja það heldur til að einkaaðilum verði falið að halda við vegum og leggja nýja og þeim verði heimilt að taka gjald af þeim sem aka um veginn.

Breytingartillaga á þingskjali 1270

Viðskiptaráð telur að best sé að lækka gjaldið sem mest. Best væri að fella það alveg niður.

Viðskiptaráð gerir ekki athugasemd við frumvarpið en leggur til að breytingartillaga á þingskjali 1250 verði felld en tillaga á þingskjali 1270 verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson